

4. gr.

47

Mál vegna brota á ákvæðum laga þessara sæta meðferð opinberra mála.

14. apríl

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Vilhjálmur Þór.*

## L Ö G

48

um breyting á lögum nr. 51 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938,  
um sildarverksmiðjur ríkisins.

14. apríl

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú er skipt hreppi, þar sem verksmiðja er starfrækt, og miðast þá hámark verksmiðjugjaldsins við samanlagðar útsvarsupphæðir hinna nýju hreppa, en greiðist eingöngu þeim hreppi, þar sem verksmiðjan er starfandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Vilhjálmur Þór.*

## L Ö G

49

um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

14. apríl

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Höfundur hver á eignarétt á því, er hann hefur samið eða gert. Hann hefur því innan þeirra takmarka, sem lög þessi setja, einkarétt á:

- 49  
14. apríl
- a. að birta og gefa út rit sín, skrifuð, prentuð eða margfölduð á hvern hátt sem er, þýða þau, sýna þau á leiksviði eða í kvikmynd, lesa þau upp, flytja í útvarp eða hagnýta þau eða koma á framfæri með öðrum hætti; þetta gildir jafnt um allt ritað mál, ræður og erindi (sbr. þó 2. málsg. 8. gr. og niðurlag 13. gr.), svo og tónsmíðar allar,
  - b. að gera eftirlíkingar (kopiur), ljósmyndir eða aðrar eftirmyndir af verkum sínum, svo sem höggmyndum, skurðmyndum, málverkum, teikningum og hvers konar uppdráttum, ljósmyndum, listsmíði, fyrirmyndum og hverju því verki, sem höfundarréttur getur fylgt, svo og að margfalda slíkar eftirmyndir til sölu, auglýsinga eða hagnaðar á nokkurn hátt,
  - c. að sýna opinberlega slík verk, sem í b-lið greinir, í hvaða skyni sem er, séu þau í einkaeygn; þetta gildir þó ekki um einkasöfn, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð.

### 2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur stéttarfélag eða stéttarsamband höfunda fengið almenna aðild um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum og reglur verið settar um það efni, og skal þá heimilt, án sérstaks leyfis hverju sinni, að lesa upp og flytja í útvarp einstök kvæði, smásögur, ritgerðir eða kafla úr ritum, svo og að syngja eða leika einstök lög og tónverk, sem út hafa verið gefin, eða kafla úr þeim, enda sé þá fullnægt settum skilyrðum um rétt höfundar og greiðslu til hans. Nú er höfundur ekki í stéttarfélagi, og nýtur hann þó sama réttar og áskilinn er í hinum almennu reglum eða samningum, en hvorki meiri né minni; sama er, ef höfundarréttur er kominn öðrum í hendur.

Einstök kvæði, sögur, ritgerðir og kafla úr ritum, svo og einstök lög og kafla úr tónverkum, sem út hafa verið gefin, má hafa um hönd án allra kvaða á samkomum, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, eða til þess eingöngu að kynna menntir þjóðarinnar, eða til mannfagnaðar aðeins, enda komi þá engin greiðsla fyrir flutninginn; svo og á samkomum félaga eða skóla, enda sé ekki greitt fyrir flutninginn og aðgöngueyrir ekki hærrí en svarar beinum tilkostnaði. Danslag má leika kvaðalaust á slíkum samkomum, þó að hljóðfæraleikari taki venjulega þóknun, nema félagsbundin eða föst hljómsveit leiki.

Söngfélög og aðrir, er hafa með höndum tónlistarstarfsemi án þess þeir taki sérstaka greiðslu fyrir, skulu og njóta undanþágu samkvæmt ákvæðum síðustu málsgreinar.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda, þá er settar hafa verið reglur samkvæmt 1. málsg. 2. gr. og menntamálaráðherra hefur staðfest þær.

### 4. gr.

Lög nr. 11 22. okt. 1912 eru úr gildi felld.

### 5. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, sbr. 3. gr., skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um höfundarétt og prentrétt.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*